

# Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXII. árgangur.

1951.

Föstudaginn 12. janúar 1951.

Nr. 40/1950. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

**Arnoddi Gunnlaugssyni** (Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson  
og próf. Ármann Snævarr í stað  
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.  
Jónatans Hallvarðssonar.

Landhelgisbrot.

## Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins Óðins kl. 11.30 hinn 9. marz f. á. samkvæmt miðunum skipherrans varðskipsins. Reyndist staðurinn 1.7 sjómílur innan landhelgislínu. Þá hefur nákvæmni staðarákvarðana skipherrans verið borin undir álit þeirra Friðriks Ólafssonar stýrimannaskólastjóra og Péturs Sigurðssonar sjóliðsforingja, og telja þeir, að mesta hugsanleg skekkja á umræddum miðunum hafi getað verið 5° á annan hvorn veginn. Hafa þeir markað á sjóuppdrátt það sjávarsvið, sem varðskipið getur samkvæmt þessu hafa verið statt á. Kemur þá fram ferhyrningur, sem liggur allur innan landhelgislínu, mest 2.1 sjómílu, en minnst 1.2 sjómílur. Loks hefur varðskipið Ægir farið á þann stað, sem miðanir skipherrans á Óðni benda til, í því skyni að mæla þar dýpið. Reyndist það 26 m. Með því að sigla í kring um þenna stað í eins litlum sveig og unnt var og mæla dýpið, reyndist það frá 22 m upp í 32 m.

Með skírskotun til þessa verður að telja leitt í ljós, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á togbát sínum v/b Suðurey, V.E. 20, er varðskipið Óðinn kom að honum hinn 9. marz f. á. Hefur ákærði því gerzt sekur við þau lagaákvæði, sem greinir í héraðsdómi.

Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 13.5328. Samkvæmt því þykir sekt ákærða hæfilega ákveðin 74000 krónur, er renni í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, 800 krónur til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Arnoddur Gunnlaugsson, greiði 74000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo sæti ákærði og varðhaldi 2 mánuði.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, 800 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 20. marz 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Arnoddi Gunnlaugssyni skipstjóra, Bakkastíg 9, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra, þar með taldir dragstrengir, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Arnoddur Gunnlaugsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 25. júní 1917, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

1947 2/4 Dómur, 29.500.00 kr. sekt í Landhelgisjóð Íslands, og afli og veiðarfæri m/s Sjöstjörnnunnar gerð upptæk, fyrir brot gegn lögum nr. 5 frá 18/5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Tildrög málsins eru þessi:

Fimmtudaginn 9. marz var varðskipið Óðinn á eftirlitsferð austur með landi fyrir austan Portland. Logn var og skýjað loft. Kl. 11½ f. h. var komið að m/s Suðurey, Ve. 20, og var hún þá að draga inn botnvörpuna. Varðskipið framkvæmdi þá staðarákvörðun hjá m/s Suðurey, og var hún á þessa leið:

Hjörleifshöfði miðast í r/v 279° og Alviðruvarða í r/v 48°, og gaf það stað skipsins 1,8 sjómílu innan landshelgislínu. Dýpi 25 metrar.

Ákærða, sem var skipstjóri á m/s Suðurey, var tilkynnt, að hann yrði að halda til Vestmannaeyja, þar sem hann hefði gerzt sekur um landhelgisbrot. Hlýddi hann því, og var málið tekið fyrir í lögreglurétti Vestmannaeyja strax um kvöldið. Neitaði ákærði að hafa gerzt sekur um landhelgisbrot og kvaðst alls ekki hafa verið í landhelgi, er varðskipið kom að.

Skýrði ákærði svo frá, að umræddan morgun hafi hann tekið 3 „köst“ milli Alviðruhamra og Hjörleifshöfða og dró fram með landi, fyrst tvisvar austur og síðan eitt vestur, og kom varðskipið til hans, er hann var að draga inn vörpuna. Nam varðskipið staðar rétt hjá skipi mættis, og kallaði skipherrann til hans og sagði, að ekki yrði hjá því komið að fara með skipið til Vestmannaeyja, því að hann væri of grunnt. Ákærði svaraði þessu engu, og hélt varðskipið svo von bráðar burtu. Ákærði lét draga inn vörpuna, og þar næst tók hann staðarákvörðun með kompás skipsins, og var hún þannig: Hjörleifshöfði að vestan í NV a N ½ N. Í sama mund mældi hann dýpið með dýptarmæli skipsins, og reyndist það 70 faðmar. Síðan mældi hann einnig dýpið með handfæri, og reyndist það þá 72 faðmar. Samkvæmt þessu átti skipið að vera talsvert utan við landshelgislínu. Gerði ákærði ráð fyrir, að um 20 mínútur hefðu liðið frá því, að varðskipið kom og þangað til hann framkvæmdi umræddar staðarákvarðanir. Hins vegar taldi hann, að skipið mundi ekkert hafa borizt úr stað á þeim tíma, því að veður var vindlaust og lítil alda.

Ragnar Þorvaldsson, stýrimaður á m/s Suðurey, skýrir á líkan veg frá og ákærði. Hann kvaðst ekkert geta sagt um, hve langt frá landi þeir voru, er varðskipið bar að. Hann gerði engar mælingar á fjarlægðinni og kvaðst ekki hafa veitt henni nána athygli. Hann kvaðst hafa horft á ákærða taka kompásmiðun á vesturenda Hjörleifshöfða og hafi stefnan verið sú sama og ákærði tilgreinir. Einnig kvaðst hann hafa horft á ákærða framkvæma dýptarmælingu með dýptarmæli skipsins þarna á sama stað, og hafi mælinn sýnt 70 faðma dýpi. Rétt á eftir hafi ákærði farið fram á þilfar og lóðað dýpið með handfæri. Kvaðst hann hafa verið nærstaddur ásamt Hávarði Bergþórssyni háseta. Ákærði hafi svo mælt færið, er það kom upp, og hafi þeim þá virzt dýpið vera 72 faðmar. Stýrimaðurinn kvaðst gera ráð fyrir, að 15—20 mínútur hafi liðið frá því varðskipið kom og þangað til ákærði framkvæmdi kompásmiðun sína. Hann kvaðst ekki geta sagt um, hvort Suðurey hafi færzt nokkuð úr stað á þeim tíma, en hafi

svo verið, hafi hún hlotið að reka fyrir straumi, því að andvari var enginn.

Hávarður Bergþórsson, háseti á Suðurey, kvaðst ekkert geta sagt um, hve langt frá landi skipið var, er varðskipið kom til þeirra. Skýrði hann svo frá, að þegar varðskipið kom, hafi verið farið að hífa, og síðan var gengið frá trollinu og legið og látið reka. Þarnæst hafi dýpið verið mælt með handfæri, og gerði ákærði það sjálfur, en vitnið kveðst hafa verið hjá honum ásamt Ragnari Þorvaldssyni, og aðstoðuðu þeir við að telja faðm-ana, er búið var að draga handfærið upp. Er þetta gerðist, taldi hann, að ekki hefðu liðið meir en 40 mínútur frá því, að varðskipið kom.

Ingvar Gunnlaugsson, vélstjóri á Suðurey, og Svanur Rósmundsson og Þórarinn Guðlaugsson, hásetar á skipinu, gáfu einnig skýrslu fyrir réttinum. Enginn þeirra kvaðst hafa vitað, hvar Suðurey var stödd, er varðskipið kom að, og enginn þeirra kvaðst geta sagt um, hve langt þeir voru frá landi. Tveir þeirra kváðust raunar hafa séð til lands, en sá þriðji minntist þess ekki að hafa litið til lands um þetta leyti. Tveir þeirra urðu varir við, að ákærði mældi dýpið með handfæri, eftir að þeir voru búnir að taka inn trollið, en hins vegar fylgdust þeir ekkert með mælingunni og vissu ekki, hvaða dýpi hún sýndi.

Aðrir skipverjar á m/s Suðurey en þeir, er nú hafa verið taldir, gáfu ekki réttarskýrslu í málinu. Voru þeir niðri í skipinu, er þessir atburðir gerðust, matsveinninn í eldhúsi, en hinir í koju, og taldi ákærði tilgangslaust að taka af þeim réttarskýrslu, þar sem þeir myndu ekkert geta borið, sem þýðingu hefði fyrir málið.

Skipherrann á varðskipinu, Gunnar Valdimar Gíslason, kvaðst sjálfur hafa framkvæmt ofangreindar staðarákvarðanir ásamt 1. og 2. stýrimanni varðskipsins. Stóð hann út í brúarvængnum og tók miðanir á miðunarskífu, en annar stýrimaður var inni í stýrishúsi og las á kompásinn, en fyrsti stýrimaður var ýmist úti og inni og skrifaði niður miðanirnar. Miðað var á Þríhyrningavörðu — trigeometriskan punkt — á Hjörleifshöfða og Alviðruhöfða, og var landsýn sémileg. Er miðanirnar voru gerðar, var varðskipið í 2—3 skipslengda fjarlægð frá Suðurey og aðeins nær landi. Dýptarmælir varðskipsins var í gangi, og kvaðst skipherrann hafa litið á hann, er þeir voru við hliðina á Suðurey, og sýndi hann 25 metra dýpi. Hann fullyrti, að bæði kompás og dýptarmælir varðskipsins væru alveg réttir. Hefði kompásinn verið nýleiðréttur, og nýlega hafði dýptarmælirinn verið athugaður og yfirfarinn af sérfræðingi. Kvað hann útilokað, að nokkur mistök hefði getað átt sér stað við staðarákvarðanirnar, og enginn vafi gæti á því leikið, að þær væru réttar.

Staður skipsins samkvæmt miðunum var settur út á sjókorti, sem lagt var fram í réttinum. Sýndi það stað skipsins 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. Hins vegar sýndi kortið 60 metra dýpi á þeim stað, en ekki 25 metra, eins og mælingar varðskipsins sýndu.

Fyrsti stýrimaður varðskipsins, Eyjólfur Hafstein, og annar stýrimaður, Guðni Pálsson, skýra á sama veg frá framkvæmd staðarákvarðananna og skipherrann á varðskipinu. Báðir tóku þeir fram, að landsýn hefði verið

sæmleg, og hefði Hjörleifshöfði og Alviðruvarða sést greinilega, en hins vegar sáu þeir ekki Alviðruvita, og fyrsti stýrimaður kvaðst ekki hafa veitt Alviðruhómrum athygli, en á þeim stendur Alviðruvarða. Annar stýrimaður kvaðst hafa verið inni í stýrishúsi og lesið á kompásinn, er skipherrann miðaði Hjörleifshöfða og Alviðruvörðu, en fyrsti stýrimaður kvaðst einnig hafa litið á kompásinn til þess að ganga úr skugga um, að rétt væri á lesið. Fyrsti stýrimaður kvað kompás skipsins nýleiðréttan, og við miðanirnar hefði verið tekið tillit til misvísunar og segulskekkju samkvæmt korti og segulskekkjutöflu. Taldi hann útilokað, að mistök hefðu getað átt sér stað, er staðarákvörðunin var gerð. Báðir stýrimennirnir kváðust hafa litið á dýptarmælinn, er varðskipið var hjá Suðurey, og gengu úr skugga um, að hann sýndi 25 metra dýpi. Þá gat annar stýrimaður þess, að er þeir komu að Suðurey, hafi vírarnir legið langt úti, og hafi það ekki getað stafað af öðru en togað væri á mjög grunnum sjó eða óeðlilega mikið af vírunum hafi verið úti. Í þessu sambandi upplýsti stýrimaðurinn á Suðurey, að 250 faðmar af vír hafi verið gefnir út í umræddu kasti.

Báðir stýrimenn varðskipsins unnu eið að framburði sínum.

Ákærði hefur gert ýmsar athugasemdir við framburði og staðarákvarðanir varðskipsforingjanna. Hefur hann meðal annars bent á, að annaðhvort hljóti dýptarmælingar varðskipsins að hafa verið rangar eða staðarákvarðanir þess, þar sem staðarákvarðanirnar sýni 60 metra dýpi samkvæmt sjókorti, en dýptarmælingar þess hafi sýnt 25 metra dýpi. Við þetta er það að athuga, að sjókortið, er notað var, er í mælikvarðanum 1:250.000 og sýnir því eðlilega ekki nákvæmlega dýpið á hverjum stað. Þá hefur ákærði talið, að framburður fyrsta stýrimanns sé tortryggilegur að því leyti, að hann viðurkenni að hafa ekki séð Alviðruhamar, en hins vegar telji hann sig hafa séð greinilega Alviðruvörðu, sem stendur á hamrinum. Þetta virðist vel geta farið saman, þar eð hamarinn er lágur, þar sem varðan stendur. Aðrar athugasemdir ákærða við framburðina eru það veigalittlar, að ekki þykir ástæða til að geta þeirra hér.

Ekki er unnt að fallast á, að kompásmiðanir ákærða og dýptarmælingar hans hnekki staðarákvörðunum varðskipsins, sem hefur öruggari tæki og framkvæmir þær með meiri nákvæmni. Auk þess framkvæmir ákærði athuganir sínar talsverðum tíma eftir, að varðskipið kom á staðinn, og er því hugsanlegt, að skip ákærða hafi flutzt allmikið úr stað. Þá er ekki hægt að komast hjá því að líta svo á, að það veiki staðhæfingar ákærða, að hann lætur hjá líða að hafa uppi nokkrar athugasemdir við varðskipið, er takan fór fram, og allir skipverjar ákærða, þeir sem á annað borð gátu nokkuð borið í málinu, töldu sig ekkert geta sagt um fjarlægð skipsins frá landi, þótt viðurkennt væri, að skipið hefði verið búið að toga þarna á sömu slóðum alllangan tíma, áður en varðskipið kom að.

Með tilvísun til þess, er ofan greinir, þykir verða að telja sannað með framburði skipherra varðskipsins og eiðfestum framburði fyrsta og annars stýrimanns, að ákærði hafi þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar sínar verið í landhelgi, er varðskipið kom að honum í umrætt skipti. Hefur

ákærði þarmeð gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924. Gullgengi Íslenzkrar krónu er nú 23.594. Með tilliti til þess þykir refsing ákærða samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. áður tilvitnaðra laga, sbr. lög nr. 4/1924, hæfilega ákveðin 42.500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess ber að dæma ákærða, sem hinn 2. apríl 1947 sætti refsidómi fyrir sams konar brot, í 2 mánaða varðhald samkvæmt 5. gr. sömu laga.

Allur afli og veiðarfæri m/s Suðureyjar, Ve. 20, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber ákærða að greiða.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Arnoddur Gunnlaugsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði kr. 42.500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í m/s Suðurey, Ve. 20, skulu upptæk ger, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. janúar 1951.

Nr. 3/1949.

**Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson)  
gegn

**Ísleifi Jónssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson  
og Einar Arnalds borgardómari í stað  
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.  
Jónatans Hallvarðssonar.

Verðlagsbrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir að úrskurður gekk í Hæstarétti í máli þessu 2. nóvember 1949, framkvæmdu 2 rannsóknarlögreglumenn birgða-